

**Nd.**

**1112. Breytingartillaga**

[480. mál]

við frv. til l. um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÞP, FrS, HBI).

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Greiðendum fullverðtryggðra lána sem um ræðir í 4. gr. þessara laga skal gefinn kostur á að fresta greiðslu afborgana og vaxta (verðbóta) á næsta heila ári hvers láns. Frestun greiðslu af slíku láni, að teknu tilliti til áður fenginna skuldbreytinga, skal heimil allt að þeirri fjárhæð sem á jöfnunarreikningi stæði ef ákvæði þessara laga hefðu gilt frá lántöku og einungis taka til þeirra sem nú eiga í greiðsluferfiðleikum og æskja frestunar af þeim sökum. Húsnæðisstofnun skal kynna nánari reglur og viðmiðanir um skilyrði fyrir frestun, ekki síðar en 15. júlí 1985. Umsóknir skulu hafa borist stofnuninni fyrir 1. september 1985.